



RANNSÓKNAMIÐSTÖÐ  
FERÐAMÁLA

ICELANDIC TOURISM  
RESEARCH CENTRE



„VONDUR VEGUR EN VÍÐSÝNIÐ FRÁBÆRT“  
ÁHRIF FERÐAMANNALEIÐA OG ÁSTANDS VEGAKERFIS  
Á LEIÐIR FERÐAMANNA UM DREIFÐAR BYGGÐIR

ÞÓRNÝ BARÐADÓTTIR  
2025

© Rannsóknamiðstöð ferðamála 2025

Útgefandi: Rannsóknamiðstöð ferðamála, Borgum v/ Norðurslóð, IS-600 Akureyri  
Sími: (+354) 460-8930  
Netfang: rmf@rmf.is  
Veffang: www.rmf.is

Titill: „Vondur vegur en víðsýnið frábært“ Áhrif ferðamannaleiða og ástands vegakerfis á leiðir ferðamanna um dreifðar byggðir

Höfundur: Þórný Barðadóttir

Kápa: Rannsóknamiðstöð ferðamála

Númer: RMF-S-02-2025

ISBN: 978-9935-437-28-6

ISSN: 978-9935

Forsíðumynd: Á ferð um Vatnsnes © Þórný Barðadóttir, 2024

Öll réttindi áskilin. Skýrslu þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

Rannsóknin var styrkt af Rannsóknasjóði Vegagerðarinnar (viðfangsnúmer 1800-1004). Höfundur skýrslunnar bera ábyrgð á innihaldi hennar. Niðurstöður hennar ber ekki að túlka sem yfirlýsta stefnu Vegagerðarinnar eða álit þeirra stofnana eða fyrirtækja sem höfundar starfa hjá.

## Efnisyfirlit

Töflu og myndaskrá.....	5
Inngangur .....	6
Norðurstrandarleið og vegakerfið.....	8
Umferð um rannsóknarsvæðin.....	8
Samgöngukerfi og innviðir .....	10
Þakkir.....	12
Gögn og aðferð.....	13
Myndgreining birtinga á samfélagsmiðlum.....	13
Spurningakönnun og örviðtöl.....	13
Niðurstöður .....	15
Myndefni á samfélagsmiðlum - niðurstöður.....	15
Vettvangsferðir – örviðtöl niðurstöður .....	16
Vegir og útskot .....	17
Spurningakönnun - niðurstöður.....	20
Gagnasafnið .....	20
Kyn.....	20
Aldursflokkar .....	20
Skráð búsetuland.....	21
Búsetuland - flokkar .....	21
Er þetta fyrsta ferð þín um Melrakkaslétu/Vatnsnes?.....	22
Hverjar eru helstu ástæður fyrir komu þinni á Melrakkaslétu/Vatnsnes (fjölval)?.....	22
Ferðast þú eftir ferðaskipulagi? .....	23
Hefur þú heyrt af Norðurstrandarleið?.....	23
Ertu á hringferð um landið? .....	24
(Ef á hringferð) Ferðu réttisælis eða rangsælis um landið? .....	24
Ferðu hringinn norður fyrir Melrakkaslétu/Vatnsnes?.....	24

Vissir þú að það væri malarvegur á Melrakkaslétu/Vatnsnesi áður en þú komst hingað? .....	25
Hvernig metur þú ástand malarvegarins til aksturs?.....	25
Hvaða áhrif, ef einhver, hafði malarvegurinn á ferðatilhögun þína? .....	26
Með hverjum ferðast þú?.....	27
Hvernig ferðast þú um landið?.....	27
Hvernig ferðast þú til og frá landinu?.....	28
Hve lengi áætlar þú að dvelja á Melrakkaslétu/Vatnsnesi? .....	28
Ferðalög Íslendinga innanlands .....	29
Á kvarða 0-10, hversu líklegt er að þú mælir með Melrakkaslétu/Vatnsnesi sem áfangastað? .....	30
Hver var ánægja þín með heimsóknina til Melrakkaslétu/Vatnsness? .....	30
Hver var hápunktur heimsóknar þinnar?.....	31
Eitthvað að lokum?.....	32
Umræður.....	33
Heimildir.....	39
Fylgiskjöl .....	42
Fylgiskjal 1. Spurningalistar – erlend tungumál (hér enska) .....	42
Fylgiskjal 2. Spurningalistar – íslenska .....	44

## Töflu og myndaskrá

Mynd 1. Norðurstrandarleið, sumar- og vetrarleið (Markaðsstofa Norðurlands, 2024, bls. 24).....	7
Mynd 2. Umferð um tiltekna vegakafli innan rannsóknarsvæða (Heimild: Vegagerðin e.d.-b).....	10
Mynd 3. Staðsetning rannsóknarsvæða, Vatnsness og Melrakkaslétu ásamt vegtengingum.....	11
Mynd 4. Svipmyndir frá gagnaöflun ©Pórný Barðadóttir 2024.....	14
Mynd 5. Myndir merktar rannsóknarsvæðum á samfélagsmiðlinum Instagram.....	15
Mynd 6. Svipmyndir frá Melrakkaslétu (t.v.) og Vatnsnesi (t.h.). ©Pórný Barðadóttir, 2024.....	18
Mynd 7. Útskot á Vatnsnesi.....	19
Mynd 8. Gagnagrunnur úrvinnslu.....	20
Mynd 9. Kynjaskipting.....	20
Mynd 10. Aldursflokkar.....	20
Mynd 11. Búseta Ísland/útlönd.....	21
Mynd 12. Búsetuland - flokkar.....	21
Mynd 13. Fyrsta heimsókn?.....	22
Mynd 14. Helstu ástæður komu á rannsóknarsvæðin.....	22
Mynd 15. Ferðast þú eftir ferðaskipulagi?.....	23
Mynd 16. Hefur þú heyrt um Norðurstrandarleið?.....	23
Mynd 17. Ertu á hringferð um landið (Nei/Já).....	24
Mynd 18. Ferðu réttisælis eða rangsælis um landið?.....	24
Mynd 19. Farið norður fyrir nesin?.....	24
Mynd 20. Vitneskja um malarveg?.....	25
Mynd 21. Mat á ástandi vegar til aksturs.....	25
Mynd 22. Áhrif af malarvegi á ferðatilhögun.....	26
Mynd 23. Ferðafélagar.....	27
Mynd 24. Ferðatilhögun til og frá landinu.....	27
Mynd 25. Ferðatilhögun til og frá Íslandi.....	28
Mynd 26. Dvalarlengd á svæði.....	28
Mynd 27. Ferðavenjur Íslendinga – svör við fullyrðingum.....	29
Mynd 28. Meðmælaskor rannsóknarsvæða.....	30
Mynd 29. Ánægja með heimsókn á rannsóknarsvæði.....	30
Mynd 30. Hápunktur heimsóknar á Melrakkaslétu.....	31
Mynd 31. Hápunktur heimsóknar á Vatnsnes.....	31
Mynd 32. Lokasvör ferðamanna á Melrakkaslétu.....	32
Mynd 33. Lokasvör ferðamanna á Vatnsnesi.....	32

## Inngangur

Hér eru birtar niðurstöður rannsóknar á ferðalögum ferðamanna utan helstu ferðamannaleiða hérlendis. Meginmarkmið rannsóknarinnar var að skoða annars vegar áhrif vegakerfis og yfirborðs vega á ferðalög erlendra ferðamanna og hins vegar að fanga þátt nýrra ferðamannaleiða í ákvörðunum ferðamanna um ferðatilhögun og heimsóknir þeirra í dreifbýli. Framkvæmdin var spurningakönnun og örviðtöl meðal ferðamanna sem sumarið 2024 heimsóttu tvö dreifbýlissvæði á Norðurlandi, Vatnsnes og Melrakkaslétu, en svæðin eru bæði á nýrri ferðamannaleið, Norðurstrandarleið – Arctic Coast Way. Rannsóknin er önnur tveggja rannsókna sem Rannsóknamiðstöð ferðamála framkvæmdi á þessum sömu svæðum sumarið 2024. Meðan þessi rannsókn sneri að ferðamönnum á leið um rannsóknarsvæðin var hinni beint að heimamönnum á Melrakkaslétu og Vatnsnesi (Þórný Barðadóttir, 2025).


Íslensk ferðaþjónusta byggir að miklu leyti á akstursferðamennsku [e. *drive tourism*] og velja sífellt fleiri erlendir ferðamenn að fara um landið á bilaleigubílum (Guðmundsson, 2020). Akstursferðamennska er eitt algengasta form ferðamennsku enda veitir það ferðamönnum frelsi til að velja eigin ferðaleiðir og fara um á hraða sem þeim hentar (Fjelstul & Fyall, 2015). Hérlendis má þó telja að vægi akstursferðamennsku í ferðalögum stjórnist ekki eingöngu af ferðafrelsi heldur hafi íslenskt samgöngukerfi einnig mikið um málið að segja.

Í rannsóknum er ferðaþjónusta gjarnan skilgreind sem staðbundið fyrirbæri [e. *inherently place-based discipline*] (Reid, 2019; Smith, 2015). Þessi rannsókn byggir hins vegar á þeirri forsendu að ferðaþjónusta verði til í marglaga og síbreytilegum tengslum. Uppbygging ferðaþjónustu verður þar með ekki til í tómarúmi tiltekinna staða heldur er hún háð fjölmörgum ytri og innri áhrifaþáttum. Staður í samhengi ferðaþjónustu er jafnframt fjölbreytt fyrirbæri. Líta má á Ísland sem áfangastað en það á einnig við um jafnt Norðurlóðir sem Evrópu og Hvítserk á Vatnsnesi sem og Heimskautsgerði á Melrakkaslétu. Með þessu er átt við að hver og einn áfangastaður er hluti af gríðarlega umfangsmiklum og flóknum kerfum sem gera ferðalög fólks möguleg en eru á sama tíma ráðandi afl. Þessi kerfi hafa í ferðamálafræðum hlotið fjölmargar skilgreiningar svo sem hreyfanleiki ferðamála [e. *tourism mobilities*] (t.d. Urry og Larsen, 2011, Jóhannesson og Lund, 2014), skipan ferðamála [e. *tourism ordering*] (Franklin 2008, 2018) og stjörnukerfi hreyfanleika [e. *constellation of mobility*] (Cresswell, 2010; Barðadóttir o.fl. 2023). Hvert á sinn hátt, taka öll þessi hugtök til þess hvernig ferðaþjónusta er samofin öðrum samfélagslegum- og landfræðilegum þáttum og þá jafnframt og ekki hvað síst samgöngukerfum.

Sem eyja í Norður-Atlantshafi er Ísland afar háð alþjóðlegum samgöngukerfum flugferða og siglinga. Í samhengi ferðamála er helsta gátt Íslands við umheiminn um Keflavíkflugvöll á suðvesturhorni landsins og um hana hafa, á undanförunum árum, komið yfir tvær milljónir erlendra ferðamanna á ári (Hagstofa, n.d.-a). Staðsetning Keflavíkflugvallar og nálægð hans við höfuðborgarsvæðið er mikill áhrifaþáttur í því að helsta uppbygging íslenskrar ferðaþjónustu hefur orðið á Suður- og Suðvesturlandi (Árnason & Welling,

2019; Þórhallsdóttir et al., 2024). Mest umferð erlendra ferðamanna er enda um þjóðveg 1 – hringveginn, á Suður- og Suðvesturlandi en úr henni dregur eftir því sem fjær dregur höfuðborgarsvæði (Rögnvaldur Guðmundsson, 2019).

Það er þó ekki eingöngu hérlendis sem ferðaþjónusta vill verða næsta staðbundin heldur verður hún einmitt gjarnan mest í nánd við helstu gáttir alþjóðaflugvalla og hafna (Papatheodorou & Arvanitis, 2009; Ren et al., 2024). Meðal aðgerða sem settar hafa verið fram sem mótvægi við slíka þróun er markaðssetning nýrra ferðamannaleiða [e. *tourism routes*]. Ferðamannaleiðir byggja á innviðum sem fyrir eru til að beina ferðamönnum út af alfaraleiðum og um dreifbýl svæði á milli þjónustukjarna (Cruz et al., 2022; Hanrahan et al., 2017). Markmið slíkra leiða er að leitast við að ná fram aukinni og fjölbreyttari dreifingu ferðamanna. Með því má draga úr álagi á fjölsóttum ferðamannastöðum og um leið auka möguleika dreifðra byggða utan helstu ferðamannaleiða til að byggja upp ferðaþjónustu í héraði. Slíkar leiðir hafa verið skilgreindar og markaðssettar víða um veröld og hefur þeim fjölgað mjög á allra síðustu árum. Sem dæmi um nýjar ferðamannaleiðir má nefna *North Coast 500* í norður Skotlandi (Lennon & Harris, 2020), kerfi ferðamannaleiða í vestur og norður Noregi (Pasgaard et al., 2020) og *Wild Atlantic Way* á vesturströnd Írlands (Hanrahan et al., 2017). Þessar og aðrar erlendar leiðir voru á meðal fyrirmynda fyrstu íslensku ferðamannaleiðarinnar sem útfærð var og markaðssett hérlendis (Markaðsstofa Norðurlands, 2017) en það er Norðurstrandarleið / Arctic Coast Way.



Mynd 1. Norðurstrandarleið, sumar- og vetrarleið (Markaðsstofa Norðurlands, 2024, bls. 24)

## Norðurstrandarleið og vegakerfið

Norðurstrandarleið var formlega opnuð vorið 2019 og liggur hún milli Hrútafjarðar í vestri og Bakkafjarðar í austri. Á sumrin liggur leiðin um hina 900 km löngu norðurströnd Íslands (mynd 1 – rauð og appelsínugul lína) en á vetrum færist hún að hluta inn til landsins (mynd 1 – gul og appelsínugul lína) vegna skorts á vetrarþjónustu á dreifbýlustu svæðunum (Norðurstrandarleið, e.d.).

Markaðsstofa Norðurlands er eigandi og umsjónaraðili Norðurstrandarleiðar / Arctic Coast Way en leiðin var sett fram og markaðssett í samvinnu við sveitarfélög og ferðaþjónustusamtök á leiðinni (Markaðsstofa Norðurlands, 2024). Helsta markmið leiðarinnar er að "aukning verið á vægi ferðaþjónustu allt árið sem tryggi uppbyggingu innviða, greiðar samgöngur, fleiri heilsársstörf og meiri framlegð í greininni" (Markaðsstofa Norðurlands, 2021, bls. 24). Umfangsmikill undirbúningur lá að baki opnun leiðarinnar og var í tengslum við hana unnin vörumerkjahandbók og söluhandbók til að samræma notkun vörumerkisins ásamt verkfærakistu fyrir ferðaþjónustuaðila og sveitarfélög á leiðinni (Markaðsstofa Norðurlands, 2018, 2024). Jafnframt voru haldnir vinnufundir á heimasvæðum leiðarinnar og hún skilgreind í samvinnu við heimafólk auk þess sem útfærslan var unnin í samstarfi við Vegagerðina (Barðadóttir & Bjarnadóttir, í birtingu).

Norðurstrandarleið beinir ferðamönnum um jafnt þekkta áfangastaði sem út á jaðarsvæði íslenskrar ferðaþjónustu á nyrstu svæðum landsins. Þar á meðal eru afmörkunarsvæði þessarar rannsóknar, Vatnsnes á vesturhluta leiðarinnar og Melrakkaslétta á austurshluta hennar. Þessi svæði eiga margt sameiginlegt hvað varðar stöðu ferðaþjónustu sem gerir þau áhugaverð til samanburðar. Bæði tilheyra fáförnustu ferðaleiðum landsins, á báðum er að hluta farið um lítt viðhaldna malarvegi og bæði eru þessi svæði eingöngu á sumarleið Norðurstrandarleiðar en varað við ferðum að vetri vegna þjónustuskorts (Norðurstrandarleið, e.d.).

## Umferð um rannsóknarsvæðin

Á vef Vegagerðarinnar eru aðgengilegar niðurstöður umferðartalninga Vegagerðarinnar. Tölurnar byggja á gögnum sem fást með föstum teljurum og skynditalningum á vegum landsins. Vegagerðin hefur staðið fyrir skynditalningum í áratugi og er framkvæmd þeirra þannig að landinu er skipt upp í sjö svæði og árlega er talið á einhverju þeirra (Vegagerðin, e.d.-a). Af því leiðir að staðbundnar niðurstöður skynditalninga fást á um það bil sjö ára fresti en þær eru árlega framreiknaðar út frá niðurstöðum fastra teljara í grennd (Friðleifur Ingi Brynjarsson, 13. febrúar 2025). Niðurstöður talninga eru umreiknaðar í meðaltöl fyrir sumar-, vetrar- og ársdagsumferð (SDU, VDU og ÁDU) og eru aðgengilegar á umferðarvef Vegagerðarinnar (e.d.-b).


Á Vatnsnesi byggja niðurstöður umferðarmeðaltala bæði á föstum teljurum og skynditalningum en á Melrakkasléttu eingöngu á skynditalningum. Samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni var síðast framkvæmd skynditalning á Melrakkasléttu árið 2018 og á Vatnsnesi árið 2019. Á Vatnsnesi eru jafnframt fastir teljarar við Ánastaðastapa á vestanverðu nesinu og við tengingu Vatnsness við hringveg á því



austanverðu. Fastur teljari er jafnframt á Síðuvegi (nr. 716) sem tengist Vatnsnesvegi (nr. 711) við Vesturhópsvatn rétt sunnan Hvítserks (Friðleifur Ingi Brynjarsson, 13. febrúar, 2025).

Yfirlitskort vegagerðarinnar sýnir umferð um vegi landsins með litakóðum. Af þeim má lesa að hvorki á Vatnsnesi né á Melrakkaslétu fer dagleg meðaltalsumferð á vetrum (VDU) yfir 200 bíla nema á Vatnsnesi milli Þjóðveggar 1 og Hvammstanga þar sem vetrarumferðin færast í flokk 201-500 bíla á sólarhring. Á sumrum er hins vegar aðra sögu að segja. Á vestanverðri Melrakkaslétu er meðaldagsumferð að sumri (SDU) frá Þjóðvegi 85 að Kópaskeri 201-500 bílar og að austan er hún 501-1000 bílar milli Raufarhafnar og Heimskautsgerðis. Á Vatnsnesi færast leiðin frá hringvegi að Hvammstanga í flokk 1001-2000 bíla meðan vegirnir norðan Hvammstanga að Illugastöðum að vestan sem og frá Þjóðvegi 1 að Hvítserk að austan telja báðir 501-1000 bíla á sólarhring á sumrin (SDU) (Vegagerðin, e.d.-b). Það sem þessi upptalning öll sýnir fram á er í það minnsta þrennt. Í fyrsta lagi er augljóslega umtalsverður munur á umferð að sumri og vetri, í öðru lagi að glettilegur breytileiki er á umferð einstakra leiða innan svæðanna og í þriðja lagi að í reynd er umtalsverður munur á svæðunum hvað varðar umferðarþunga.

Þegar rýnt er nánar í tölur frá þessum svæðum og tilteknir vegaspottar valdir á vef Vegagerðarinnar kemur í ljós að á leiðinni frá Þjóðvegi 85 að Raufarhöfn á Melrakkaslétu er meðaltalsumferð að vetri sögð 83 bílar á sólarhring að jafnaði á ári (ÁDU), vetrardagsumferð (VDU) að meðaltali 43 bílar og sumardagsumferð (SDU) 130 bílar. Þegar komið er nyrst á Melrakkaslétu lækka þessar tölur enn þar sem ÁDU er sögð 23 bílar á sólarhring, VDU 15 bílar og SDU 35 bílar að jafnaði. Þrátt fyrir að Vatnsnes teljist ekki til helstu ferðamannasvæða landsins er umferð þar umtalsvert meiri. Á leiðinni milli Þjóðveggar 1 og Hvammstanga er meðaltalsumferð ÁDU 890 bílar á sólarhring eða 500 á vetrum (VDU) og 1.350 yfir sumarið (SDU). Niðurstöður þessarar rýni í umferðartölur einstakra leiða innan Vatnsness og Melrakkaslétu eru sýndar á mynd 2 (Vegagerðin, e.d.-b).



Mynd 2. Umferð um tiltekna vegakafli innan rannsóknarsvæða (Heimild: Vegagerðin e.d.-b)


Þegar kemur að tölum fyrir áfangastaðina Hvítserk á Vatnsnesi og Heimskautsgerði á Melrakkasléttu er vert að taka fram að í tilfalli Heimskautsgerðis má gera ráð fyrir að inn blandist umferð frá þorpínu en Heimskautsgerðið stendur rétt ofan þess. Umferðarteljarar taka enda ekki einungis til ferðamanna heldur er umferð heimafólks meðtekin. Þar með verður því meiri umferð eftir því sem íbúar eru fleiri. Umtalsvert fleiri íbúar eru Vatnsnesi en á Melrakkasléttu. Á Mælaborði Byggingastofnunar (e.d.) má sjá að í byrjun árs 2024 voru íbúar á Hvammstanga um 600 en um 300 samtals á Kópaskeri og á Raufarhöfn. Óljósara er með fjölda íbúa í dreifbýli á svæðunum tveimur eins og þau eru skilgreind í rannsókninni. Samkvæmt upplýsingum frá skrifstofum sveitarfélaganna tveggja, Norðurþings og Húnaþings vestra, er þessum upplýsingum ekki safnað sérstaklega. Varfærnar tölur um fjölda bújarða þar sem skráðir eru einn eða fleiri íbúar er í kringum 35 á Vatnsnesi (Unnur Valborg Hilmarisdóttir, 15. nóvember 2024) en rétt um tíu á Melrakkasléttu (Katrín Sigurjónsdóttir, 18. október, 2024). Á báðum svæðum reynast flestar bújarðir í einhverri frístundantöku óháð skráðri búsetu sem þýðir að þangað er einnig umferð heimafólks.

## Samgöngukerfi og innviðir

Samgönguinnviðir og aðgengi sem skapast með þeim hefur mikið að segja varðandi möguleika til uppbyggingar ferðaþjónustu í dreifbýli (Burchardt & Laak, 2023; Marjavaara et al., 2022). Enn eru þá ónefnd áhrif þess hvernig samgöngukerfi eru uppbyggð þar sem tengingar innviða og fjarlægðir geta reynst erfið hindrun uppbyggingar ferðaþjónustu í dreifbýli (McKercher, 2018; Tan et al., 2023). Nýleg viðtalsrannsókn sem skoðar þátt Vegagerðarinnar í uppbyggingu ferðaþjónustu hérlendis sýnir að þrátt að íslensk stjórnvöld hafi sett fram opinbera stefnu um að aukna dreifingu ferðaþjónustu um landið (Alþingi, 2024; Stjórnarráðið,

2019), endurspeglast sú stefna ekki í opinberum fjárveitingum til Vegagerðarinnar (Ása Marta Sveinsdóttir og Eyrún J. Bjarnadóttir, 2024).

Samgöngukerfi, vegtengingar og fjarlægðir eru meðal þátta sem aðgreina rannsóknarsvæðin tvö. Vatnsnes er umtalsvert nær höfuðborgarsvæði og Keflavíkurflugvelli en Melrakkaslétta, auk þess sem vegurinn fyrir Vatnsnes tengist þjóðvegi 1, hringvegi, að austan- og vestanverðu. Vegurinn um Melrakkasléttu tengist hins vegar að austan- og vestanverðu inn á þjóðvegi 85, nokkuð fjarri þjóðvegi 1, auk þess sem Melrakkaslétta er um það bil eins fjarri Keflavíkurflugvelli og landfræðilega er mögulegt innan meginlands Íslands. Melrakkaslétta er hins vegar umtalsvert nær heimahöfn ferjunnar Norrænu á Seyðisfirði en Vatnsnes. Þetta má sjá á mynd 3 sem sýnir staðsetningu rannsóknarsvæða og Keflavíkurflugvallar auk heimahafnar Norrænu á Seyðisfirði.



Mynd 3. Staðsetning rannsóknarsvæða, Vatnsnes og Melrakkaslétta ásamt vegtengingum. Skjáskot af vef Vegagerðarinnar (e.d.-c). Merkingum bætt inn af höfundi.

Myndin sýnir einnig þjóðvegi, vegatengingar og yfirborð vega í íslenska vegakerfinu (Vegagerðin, e.d.). Yfirborð táknað í svörtu sýnir vegi með bundnu slitlagi en gulur litur táknar vegi án bundins slitlags. Líkt og myndirnar sýna færa ferðalög um Melrakkasléttu og Vatnsnes ferðamenn um svæði sem eru að mörgu leyti lík en þó á sama tíma ólík, jafnt í samanburði milli svæða sem og innan þeirra. Þessi líkindi og andstæður hvað varðar helstu ferðamannasegla, nálægð við helstu gáttir, samgöngukerfi og ástand vega ásamt því sem bæði eru hluti sumarleiða á nýlega markaðssettri ferðamannaleið gera svæðin áhugaverð til rannsóknar á ferðalögum ferðafólks utan alfaraleiða.

## Þakkir

Rannsóknin var unnin af Rannsóknamiðstöð ferðamála með styrk frá Rannsóknasjóði Vegagerðarinnar. Rannsakandi þakkar eftirtöldum aðilum samstarfið og veitta aðstoð. Fyrir aðstoð við útfærslu spurningalista og staðbundna áherslu: Einar Ingi Einarsson, atvinnufulltrúi Norðurþings á Kópaskeri, Nanna Steina Höskuldsdóttir, verkefnastjóri SSNE á Raufarhöfn, Örvar Birkir Eiríksson, framkvæmdastjóri Selaseturs Íslands á Hvammstanga, Jessica F. Aquino, dósent við Háskólann á Hólum og forstöðumaður rannsóknaseturs ferðamála hjá Selasetri Íslands og Davíð Jóhannsson atvinnuráðgjafi á sviði ferðamála hjá SSNV. Eins er Magdalena Falter þökkuð þýðing lista yfir á þýsku og Kolbrúnu Valbergsdóttur rithöfundu á Raufarhöfn þökkuð aðstoð við gagnaöflun á Melrakkaslétu. Sérstakar þakkir fær Cécile M. Chauvat sem auk þess að koma að úrfærslu spurningalista sinnti hlutverki spyrils á Vatnsnesi jafnframt því að kalla eftir og setja fram franska þýðingu listans. Loks fær Eyrún Jenný Bjarnadóttir góðar þakkir fyrir forvinnslu gagna.

Það er von þeirra sem að þessari rannsókn stóðu að niðurstöður hennar veiti hagnýtar upplýsingar sem nýtast megi jafnt rannsóknarsvæðum sem og öðrum þeim sem koma að uppbyggingu ferðaþjónustu í dreifbýli. Þá ættu upplýsingarnar einnig að nýtast ferðamálayfirvöldum og Vegagerðinni við áframhaldandi uppbyggingu ferðaþjónustu hérlandis. Hér á eftir verður gerð grein fyrir útfærslu, aðferð og framkvæmd rannsóknar áður en niðurstöður verða sýndar í myndrænni samantekt. Því næst verður farið yfir niðurstöður í umræðukafla áður en komið er að lokaorðum.

## Gögn og aðferð

Rannsóknin á ferðalögum ferðamanna utan alfaraleiða var framkvæmd með blönduðum rannsóknaraðferðum. Mestur þungi lá í könnun meðal ferðamanna á Vatnsnesi og á Melrakkaslétu en jafnframt voru farnar tvær vettvangsferðir og tekin örviðtöl við heimafolk og ferðamenn á báðum svæðum auk þess sem framkvæmd var myndgreining á samfélagsmiðlum.

### Myndgreining birtinga á samfélagsmiðlum

Forsenda þessarar rannsóknar byggir á mikilvægi samgöngukerfa í uppbyggingu ferðaþjónustu. Í því sambandi þótti vert að kanna hvort vegir rannsóknarsvæðanna Melrakkaslétu og Vatnsness kæmu sterklega fram í myndefni sem merkt er stöðunum tveimur á samfélagsmiðlum. Ljósmyndun hefur lengi verið mikilvægur hluti ferðalaga en liðin er sú tíð að myndir séu eingöngu geymdar í fjölskyldualbúnum (Urry & Larsen, 2011). Með tilkomu samfélagsmiðla varð til gagnvirkur vettvangur fyrir notendur sem geta þar birt eigið efni. Internetið er hins vegar yfirfullt af fjölbreytilegasta efni sem sífellt bætist við. Til að flokka og finna leið í gegnum þennan aragrúa upplýsinga og myndefnis hafa myllumerki (e. *hashtags*) reynst mikilvæg töl (Buarki & Alkhateeb, 2018). Slík merki eru nýtt jafnt til merkingar og til leitar á samfélagsmiðlaefni. Í samhengi ferðamála eru slík merki nýtt af jafnt einstaklingum sem og þjónustuveitendum, markaðsstofum og öðrum innan greinarinnar (Gretzel, 2018).

Myndgreining var hluti af undirbúningsferli þeirrar rannsóknar sem hér um ræðir. Til afmörkunar var framkvæmd myndgreining á samfélagsmiðlinum Instagram sem er einn mest notaði miðill til myndbirtinga á Vesturlöndum og sá sem helst er nýttur til greininga á myndefni í samhengi ferðamála (Mele et al., 2021). Miðillinn býður upp á leit eftir myllumerkjum og var við greiningu beitt samblöndu af innihaldsgreiningu og þemagreiningu. Framkvæmdin var þannig að leitarorðunum *#melrakkasletta* annars vegar og *#vatnsnes* hins vegar var varpað inn á leitarhluta miðilsins. Í fyrstu var myndefnið þemagreint áður en settir voru fram helstu flokkar til innihaldsgreiningar. Því næst var hver og ein af fyrstu 1000 myndum í hvorri leit skoðuð og aðalefni hennar greint í einn hinna afmörkuðu flokka þar sem vegir voru einn slíkur.

### Spurningakönnun og örviðtöl

Könnun meðal ferðamanna var framkvæmd á vettvangi í beinum samskiptum spyrna og ferðamanna. Útfærður var spurningalisti sem telur 23 spurningar sem settar voru fram til að fanga helstu áhersluefni rannsóknarinnar. Þau eru ástæða heimsóknar á svæðin, hvort ferðafólk hafi vitað af Norðurstrandarleið og þá nýtt sér upplýsingar og kort af leiðinni, hvort vitað hafi verið af malarvegum svæðanna og þá hvort þeir hafi haft áhrif á ferðatilhögun og eins hvernig ferðafólk meti ástand veganna til aksturs. Eins var í spurningalista spurt um búsetu svarenda, þá búsetuland í erlendum listum og póstnúmer búsetu í íslenskum, auk þess sem spurt var um dvalarlengd á rannsóknarsvæðum, ánægju með heimsókn og líkindi þess að mælt væri með rannsóknarsvæðunum við vini, vandamenn og vinnufélaga. (fylgiskjöl 1 og 2).

Könnunin var útbúin á íslensku en þýdd yfir á ensku, þýsku og frönsku. Á spurningalista er kort sem sýnir afmörkun svæða sem rannsóknin tekur til. Þau ásamt staðbundnum spurningum um helstu ástæðu komu er það sem aðgreinir spurningalista á svæðunum tveimur. Íslenskir og erlendir listar voru í öllum atriðum eins, nema hvað að þar sem í erlendum listum var spurning um ferðatilhögun til og frá landinu var í íslenskum lista spurt um ferðavenjur Íslendinga innanlands.



Mynd 4. Svipmyndir frá gagnaöflun ©Þórný Barðadóttir 2024

Framkvæmdin var þannig að spyrjar komu sér fyrir á tilteknum stöðum, tóku ferðamenn sem þeir hittu tali og óskuðu eftir þátttöku þeirra í könnun og tóku örviðtöl við þá sem gáfu sér tíma til þess og skráðu ummæli þeirra hjá sér jafnóðum. Mynd 4 sýnir svipmyndir frá gagnaöflun á svæðunum tveimur.


Á Melrakkaslétu var farnar átta vettvangsferðir á tímabilinu 26. júní til 23. júlí og á Vatnsnesi alls níu sinnum á tímabilinu 27. júní til 7. ágúst. Á Melrakkaslétu fór fyrirlögn fram við Heimskautsgerðið á Raufarhöfn og Skerjakollu á Kópaskeri og einnig á bílastæðum við Hvalvík og Hraunhafnartanga auk afleggjara að heimreiðum norðan á Melrakkaslétu. Á Vatnsnesi var spurt á bílastæðum við Hvítserk og við Illugastaði auk þess sem spurt var við Selasetur Íslands á Hvammstanga. Að höfðu samráði við heimafólk varð niðurstaðan sú að á Vatnsnesi var ekki spurt norðan Hvítserks og Illugastaða þar sem hvergi reyndist unnt eða öruggt að sitja fyrir eða stöðva bíla í vegkanti. Áður en gagnaöflun hófst var haft samband við landeigendur og umsjónarfólk á fyrirlagnarsvæðum og óskað eftir leyfi til gagnaöflunar sem í öllum tilfellum reyndist auðfengið.

## Niðurstöður

Í þessum kafla verða niðurstöður rannsóknar kynntar. Fyrst er sýnd niðurstaða myndgreiningar og stutt samantekt frá vettvangsferðum rannsakanda á rannsóknarsvæðin áður en kemur að myndrænni samantekt á niðurstöðum spurningakönnunar meðal ferðamanna.

### Myndefni á samfélagsmiðlum - niðurstöður

Líkt og fram hefur komið fór hluti undirbúnings rannsóknar fram með því að framkvæmd var myndgreining á samfélagsmiðlinum Instagram til að sjá hvort vegir væru áberandi á myndefni sem merkt er rannsóknarsvæðunum. Vert er að árétta að hér var tilgangur greiningar sá að skoða vægi vega og yfirborðs þeirra í myndefni sem merkt er rannsóknarsvæðunum og bera niðurstöður saman við önnur helstu áherslufni. Hér var því ekki um að ræða fullnaðargreiningu á myndefni sem slíku. Af því leiðir að líkt og sjá má á mynd 5 telur efnisflokkurinn Annað rétt um 40% í niðurstöðum á báðum svæðum.



Mynd 5. Myndir merktar rannsóknarsvæðum á samfélagsmiðlinum Instagram

Niðurstöður myndgreiningar eru einnig samhljóða þegar kemur að hlut vega á myndum sem telur rétt rúm 3% á báðum svæðum. Af því má sjá að vegir koma ekki sterklega fram á myndefni sem merkt er #melrakkasletta eða #vatnsnes. Það er hins vegar athyglisvert að þeir þættir í spurningakönnunni sem skoruðu hátt sem helsta ástæða og hápunktur heimsóknar voru lítt áberandi í myndefni. Í myndefni sem tilheyrði #melrakkasletta voru myndir af Heimskautsgerði (5%) og fuglum (6%) alls ekki fyrirferðarmiklar og á Vatnsnesi voru myndir af Hvítserk (18%) og selum (11%) innan við þriðjungur mynda. Eftirfylgni sýndi að þó að þúsundir mynda megi finna á miðlinum sem merktar eru Hvítserk og Heimskautsgerði auk mynda af selum, fuglum og vegum á Íslandi sýna þessar niðurstöður að áfangastaðirnir eða efnið virðast ekki endilega tengjast heitum Melrakkaslétta eða Vatnsness í hugum ferðamanna.

## Vettvangsferðir – örviðtöl niðurstöður

Farnar voru tvær vettvangsferðir um bæði rannsóknarsvæðin. Fyrri ferð var farin sem dagsferð seinni hluta júní 2024 og sú síðari um og eftir miðjan júlí 2024 og stóð sú lengur. Í báðum ferðum mátti sjá þann mun sem orðinn er á svæðunum tveimur þegar kemur að umferð ferðamanna. Töluverð umferð var strax í júní sjáanleg á Vatnsnesi meðan að ákaflega fátt var þá um ferðafólk á Melrakkaslétu. Í tilfalli Melrakkaslétu var í júniferð raunar fátt um fólk á allri leiðinni frá því að beygt var af þjóðvegi 1 inn á veg 85 og alla leiðina út á Melrakkaslétu. Samtöl við heimafólk á báðum stöðum voru í samræmi við þessa upplifun rannsakanda. Á Vatnsnesi töluðu þjónustuaðilar og annað heimafólk um að ferðamannasumarið hæfist æ fyrr, stæði lengur og væri sífellt minna háð veðri. Á Melrakkaslétu var hins vegar að heyra á heimafólki að þó að flesta daga ársins væru einhverjir bílar við Heimskautsgerðið væri veður mjög ráðandi í heildarumferð ferðamanna um svæðið.

Í júlí var orðið mjög margt fólk á Vatnsnesi þar sem bílastæði við jafnt Hvítserk sem Illugastaði yfirfylltust ítrekað á meðan á dvöl rannsakanda stóð. Þar var einnig umtalsverður flýttir á heimsóknum ferðamanna, þá sérstaklega við Hvítserk þar sem fólk dreif sig út úr bílum, fór beinustu leið niður útbúinn göngustíg að útsýnispalli ofan Hvítserks og dreif sig þvínæst eftir slóða sem myndast hefur niður að sjávarmáli til móts við viðverustað sela. Þó að almennt hafi ferðafólk tekið vel í að svara könnun, var sterkur púls á heimsóknum. Þar stóðu örviðtöl vel undir heiti þar sem mest var um að fólk svaraði spurningum rannsakanda en nýtti enn fremur tækifærið til að henda fram eigin praktísku spurningum. Við Illugastaði virtust ferðamenn allt eins einbeittir í heimsóknum. Þar er hins vegar öllu lengri ganga eftir tilbúnum stíg út á nesið þar sem komið hefur verið upp litlu húsi til náttúruskoðunar. Við Selasetur Íslands var meira um að fólk væri með hugann við Setrið eða jafnvel enn frekar við matsölustað sem er í sama húsi.

Allt annar bragur var á ferðafólki á Melrakkaslétu og átti það við á öllum könnunarstöðum þar. Í júliferð var orðið mun fleira um fólk á ferð en var í júní. Hvergi varð þó sama örtröð og myndaðist ítrekað við könnunarstaði á Vatnsnesi. Það var helst að á bílastæðinu við Heimskautsgerði að mannmergð yrði sjáanleg stund og stund en það bílastæði er þó umtalsvert stærra en bílastæðin við bæði Hvítserk og Illugastaði. Að Heimskautsgerði var annars jafn og stöðugur straumur gesta. Mun færri var við aðra könnunarstaði, þá jafnt við Skerjakollu á Kópaskeri sem og norðan þorpanna. Á Melrakkaslétu voru heimsóknir hins vegar umtalsvert afslappaðri en var á Vatnsnesi. Ferðafólk gaf sér allan heimsins tíma bæði til að svara listum og eins til að spjalla um heima og geyma, þá jafnt Íslendingar sem erlendir ferðamenn.

Uppbygging vegakerfis kom sterkt fram í örviðtölum við heimafólk. Þannig var nefnt að mikill meirihluti ferðamanna sem kæmu á Vatnsnes ferðuðust austan að og væru jafnvel um það bil að ljúka Íslandsferð. Þannig benti þjónustuaðili Hvammstanga á að fjölmargir sem kæmu beint á staðinn stoppuðu helst til að taka eldsneyti, borða eða koma við á Selasetri Íslands. Það fólk missti einfaldlega af heimsókn á Vatnsnes



þar sem ferðamenn hefðu þegar farið framhjá afleggjara austan á nesinu og „þau nenna ekkert að snúa við þannig að þá er það bara orðið of seint“. Annar heimamaður vildi meina að þar sem mikill meirihluti færi rangsælis um landið væri oft orðinn mikill flýtir á fólki þegar komið væri að Vatnsnesi. Sá vildi jafnframt meina að „eftir Mývatnssveit og Akureyri þá eru þau bara að flýta sér suður því það er eiginlega ekkert „must-see“ þarna á milli“. Á Melrakkaslétu var hins vegar töluvert um nefnt væri að ástand Sléttuvegar væri þannig að helst þyrfti að draga úr umferð ferðamanna þangað eða til að nota orð heimamanns „enda hafa þeir ekkert þangað að gera“.

Örviðtöl við heimafólk sýndu vel áhyggjur heimafólks af ástandi vega og átti það sérstaklega við um Vatnsnes. Þar var til að mynda bent á það að Vatnsnessvegurinn hefði verið í mun skárri ásigkomulagi á meðan Kóvid-19 faraldurinn reið yfir en fyrir hann og eftir „og það er bara út af allri þessari umferð“. Heimafólk virtist margt fylgjast vel með umferð ferðafólks. Á Vatnsnesi var talað um að Íslendingar ferðast margir um landið með hjólhýsi, tjaldvagna eða aðra aftanívagna og hiki þess vegna margir við að fara út á malarvegi. Þetta átti einnig við um Melrakkaslétu þar sem fjölmargir íslenskir ferðamenn töldu ferðalög með aftanívagna væru næsta ómöguleg á grófum og illa viðhöldnum malarveginum.

Meðal erlendra ferðamanna á bílaleigubílum reyndist strangar viðvaranir bílaleiga við akstri á malarvegum vera ákveðinn farartálmi og einnig ótti ferðamanna við sektir vegna mögulegra skemmda á bílum. Það er vegna strangara viðvarana bílaleiga við akstri á malarvegum og ótti ferðamanna við sektir vegna mögulegra skemmda á bílum. Þó nefndu margir að þeir létu það þó ekki stoppa sig af við sjá það sem þeim langaði að skoða.

#### *Vegir og útskot*

Á Melrakkaslétu liggur nýlegur malbikaður vegur frá Þjóðvegi 85 að bæði Raufarhöfn og Kópaskeri meðan strandvegurinn norðan þorpanna er gamall, þokkalega breiður en grófur og lítt viðhaldinn malarvegur. Á Vatnsnesi eru vegir nokkuð köflóttari (sjá mynd 3 á bls. 11). Að vestanverðu er malbikaður vegur frá Þjóðvegi 1 og nokkuð norður fyrir Hvammstanga að vestan, nýr malbikaður vegarhluti á austanverðu nesinu auk einstaka annarra spotta með bundnu slitlagi. Aðrir hlutar Vatnsnesvegjar eru nokkrir kaflar malarvega en þó eru enn lengri hlutar hans með leirkenndu yfirborði án bundins slitlags sem eru að stórum hluta einbreiðir með merktum útskotum fyrir bíla að mætast. Mynd 6 sýnir svipmyndir frá vegum rannsóknarsvæða sem rannsakandi tók í vettvangsferðum sínum. Vert er að nefna að þar sem vegir voru hið eiginlega myndefni var hér beðið tækifæra til að ná myndum án þess að bílar væru á ferð. Nokkuð auðveldara reyndist að ná því markmiði á Melrakkaslétu en á Vatnsnesi.



Mynd 6. Svipmyndir frá Melrakkasléttu (t.v.) og Vatnsnesi (t.h.). ©Þórný Barðadóttir, 2024

Eins og nefnt var að ofan eru á Vatnsnesi víða útskot fyrir bíla að mætast. Útskotin eru kirfilega merkt með bláu skilti og bókstafnum *M* fyrir mætingu. Það var þó ekki að sjá að ferðamenn áttuðu sig á því til hvers þau skot væru og lenti rannsakandi ítrekað í því að bílar sem komu á móti keyrðu ákveðið fram hjá slíkum útskotum þeirra megin, til þess eins að þurfa að hægja mjög á og vanda mætingu á mjóum veginum. Það var ekki fyrr en í örviðtali við ferðamenn við Hvítserk og Illugastaði sem málin tóku að skýrast. Fyrir tilviljun nefndi þar á ferð við Hvítserk að það væri skrýtið að sjá öll bláu skiltin á leiðinni sem ekki virtust hafa annan tilgang en þann að þau bæri fallega við bæði himinn og haf. Eins var það vinalíkur á ferð við Illugastaði sem nefndi að gott væri hve víða væri hægt að stoppa báða bílana í einu á einbreiða veginum. Nokkuð hissa spurði rannsakandi hvað þau ættu við og fékk þá umsvifalaust svarið: „like, ‘M’ for all the meeting-points“ það er, „nú ‘M’ fyrir öll söfnunarsvæðin“.



**Mynd 7. Útskot á Vatnsnesi**

**Ferðamenn nýta útskot safnsvæði til hestaskoðunar - rannsakandi notar næsta útskot til myndatöku @Þórný Barðadóttir, 2024**

Á mynd 7 má sjá hóp ferðamanna sem fóru um á tveimur bílum teppa útskot til að komast nær hestum við veginn. Smærri mynd í hægra horni sýnir svo hvernig rannsakandi teppti næsta útskot á eftir til að ná í miklum flýti ljósmynd af hestaskoðunarfólkinu. Við ferðafólkið tókum því á sama tíma tvö útskot sem ætluð eru fyrir bíla til að mætast. Á malarveginum norðan þorpa á Melrakkasléttu er slík útskot ekki að finna enda vegurinn þar heilt yfir öllu breiðari en malarvegir á Vatnsnesi.


## Spurningakönnun - niðurstöður

### Gagnasafnið

Mynd 8 sýnir skiptingu svara í gagnasafni. Alls fengust 400 svör af báðum svæðum og skiptust þau þannig að 207 fengust á Vatnsnesi og 193 á Melrakkaslétta. Svörin 400 mynda gagnagrunn til úrvinnslu og verða lýsandi niðurstöður greiningar sýndar hér að neðan.

Hér og á komandi myndum sýna bláar súlur

niðurstöður af Melrakkaslétta og grænar súlur niðurstöður af Vatnsnesi. Á komandi myndum eru jafnframt bleikar súlur sem tákna niðurstöður heildarsvörunar til samanburðar.




Mynd 8. Gagnagrunnur úrvinnslu

### Kyn

Karlar svöruðu rétt ríflega helmingi lista á móti tæpum helmingi kvenna. Enginn svarenda merkti við valkostinn Annað.


Líkt og mynd 9 sýnir þá voru karlar í meirihluta svarenda á Vatnsnesi en konur á Melrakkaslétta.



Mynd 9. Kynjaskipting

### Aldursflokkar


Meðalaldur svarenda í könnun var rétt tæp 48 ár. Meðalaldur var heldur hærri á Melrakkaslétta (50 ár) en á Vatnsnesi (46 ár). Aldursskiptingu svarenda í aldurs hópa skipt eftir svæðum má sjá á mynd 10.



Mynd 10. Aldursflokkar

## Skráð búsetuland


Meðan meðalaldur svarenda og kynjaskipting var nokkuð sambærileg á svæðunum tveimur sýndi spurning um búsetuland fram á gríðarlegan mun á milli svæða. Líkt og sjá má á mynd 11 var ekki langt frá því að Íslendingar (43%) væru helmingur svarenda á Melrakkaslétta meðan þeir voru einungis rétt um 5% svarenda á Vatnsnesi.



Mynd 11. Búseta Ísland/útlönd

## Búsetuland - flokkar


Í heildina eru Íslendingar nær fjórðungur svarenda (23%). Næstir koma Þjóðverjar og Frakkar (17%) og þvínæst samanteknir flokkar Svisslendinga og Austurríkismanna (9%) og Ítala og Spánverja (8%). Eins og sjá má á mynd 12 var munur á svæðum varðandi búsetu svarenda ekki einvörðungu tengdur við Ísland/Útlönd. Á Melrakkaslétta lætur nærri að skipta megi svarendum í Íslendinga (43%), Þjóðverja (22%) og rest, þar sem næst komu BeNeLux löndin þrjú með samtals 8% og aðrir búsetuflokkar sýndu lægra hlutfall. Á Vatnsnesi kom fram nokkuð meiri breytileiki búsetu. Þar var þó langhæst hlutfall Frakka (27%) en engu að síður náðu þar fimm önnur þjóðlönd og landaflokkar yfir 10% svörum. Það voru Ítalía/Spánn (14%), Þýskaland (13%), Sviss/Austurríki (12%), Evrópa annað (12%) og Önnur lönd (11%).



Mynd 12. Búsetuland - flokkar

*Er þetta fyrsta ferð þín um Melrakkaslétu/Vatnsnes?*


Langflestir reyndust vera í sinni fyrstu heimsókn á rannsóknarsvæðin. Í tilfalli Vatnsness reyndist það eiga við um nærri 9 af hverjum 10 (mynd 13) og þrjátíu fyrir hlut Íslendinga á Melrakkaslétu voru engu að síður nærri sjö af hverjum tíu í sinni fyrstu heimsókn þar.



Mynd 13. Fyrsta heimsókn?

*Hverjar eru helstu ástæður fyrir komu þinni á Melrakkaslétu/Vatnsnes (fjölval)?*

Þegar kom að helstu ástæðum fyrir heimsókn á rannsóknarsvæðin reyndust flestir vera að skoða sig um. Það átti sérstaklega við um ferðamenn á Melrakkaslétu nær átta af hverjum tíu ferðamönnum á Melrakkaslétu (78%) og rúman helming (56%) ferðamanna á Vatnsnesi. Annars voru á báðum svæðum tvær helstu ástæður fyrir heimsókn. Í tilfalli Melrakkaslétta voru það Heimskautsgerðið (47%) og fuglar (22%) og á Vatnsnesi selir (50%) og Hvítserkur (35%). Mynd 14 sýnir hlutfallssvörun spurninga. Hér eru þó eingöngu sýnd svör eftir svæðum þar sem svarmöguleikar voru að hluta staðbundnir og því ekki að öllu leyti eins.




Mynd 14. Helstu ástæður komu á rannsóknarsvæðin

*Ferðast þú eftir ferðaskipulagi?*

Spurt var að því hvort ferðast væri eftir ferðaskipulagi og reyndust tæplega átta af hverjum 10 gera það (mynd 15).

Hlutfall þeirra sem ferðast eftir skipulagi var umtalsvert hærra á Vatnsnesi (88%) en á Melrakkaslétu (68%).

Flestir ferðast eftir eigin skipulagi og reyndist hlutfall þeirra sem skipuleggur ferðalög fyrir dag og dag í senn nokkru hærra á Melrakkaslétu (40%) en á Vatnsnesi (25%).



**Mynd 15. Ferðast þú eftir ferðaskipulagi?**


*Hefur þú heyrt af Norðurstrandarleið?*

Spurt var um hvort svarendur hefðu heyrt af Norðurstrandarleið og reyndist tæpur þriðjungur hafa heyrt af leiðinni (mynd 16).

Áhrif Íslendinga í gagnasafni á Melrakkaslétu sjást á því að þar var hlutfallið umtalsvert hærra (37%) en á Vatnsnesi (19%).

Í opnum svörum kom fram að af þeim sem heyrt höfðu af leiðinni reyndist rúmur helmingur hafa skoðað vef og kort leiðarinnar, rúmur þriðjungur hafði nýtt sér hugmyndir þaðan og tæpur þriðjungur sagðist fylgja leiðinni að hluta meðan fáir reyndust fylgja leiðinni í heild.

Nokkur hluti ferðamanna reyndist hins vegar ferðast um með kort Norðurstrandarleiðar og nýta tækifærið til að leita upplýsinga hjá spyrnum könnunar. Þá var einnig nokkuð um að ferðamenn fögnuðu því vel að fá útskýringu á skiltum með merki Norðurstrandarleiðar sem greinilegt var að höfðu vakið upp spurningar á ferðaleið án þess að á þeim hefði fengist skýringar.




**Mynd 16. Hefur þú heyrt um Norðurstrandarleið?**

*Ertu á hringferð um landið?*

Ríflega sjö af hverjum tíu reyndist vera á hringferð um landið (mynd 17).

Hlutfall þess var öllu hærra á Vatnsnesi (81%) en á Melrakkaslétu (63%). Það skýrist ekki eingöngu af háu hlutfalli Íslendinga á Melrakkaslétu sem margir reyndust í hringferð heldur einnig af því að á

Melrakkaslétu tiltóku fleiri erlendir ferðamenn að skipulag hefði tekið mið af því að ferðast á svæðum utan alfaraleiða.




Mynd 17. Ertu á hringferð um landið (Nei/Já)

*(Ef á hringferð) Ferðu réttisælis eða rangsælis um landið?*

Af þeim sem voru á hringferð sögðust umtalsvert fleiri fara rangsælis (61%) um landið en réttisælis (39%).

Eins og sjá má á mynd 18 kom ekki fram breytileiki á þeirri ferðatilhögun á milli rannsóknarsvæða.




Mynd 18. Ferðu réttisælis eða rangsælis um landið?

*Ferðu hringinn norður fyrir Melrakkaslétu/Vatnsnes?*

Einnig var spurt að því hvort farið væri norður fyrir nesin. Tveir af hverjum þremur reyndist gera það, þá lítið eitt fleiri samkvæmt skipulagi (36%) en út frá skyndiákvörðun (31%).

Mynd 19 sýnir að hlutfallið var lítið eitt hærra á Melrakkaslétu (73%) en á Vatnsnesi (62%) og átti það við um jafnt skipulagðar ferðir sem og skyndiákvörðanir.



Mynd 19. Farið norður fyrir nesin?




### Vissir þú að það væri malarvegur á Melrakkaslétu / Vatnsnesi áður en þú komst hingað?

Spurt var um það hvort ferðamenn hefðu vitað af malarvegi áður en komið var á rannsóknarsvæðin.

Enn komu áhrif Íslendinga meðal svarenda á Melrakkaslétu fram í ólíkri svörun á milli svæða (mynd 20). Hlutfall þeirra sem vissi af malarvegi þar (64%) var þó umtalsvert hærra en hlutfall Íslendinga meðal svarenda (43%) sem

þýðir að erlendir ferðamenn hafa einnig margir verið upplýstir um malarveginn á Melrakkaslétu. Það á einnig við á Vatnsnesi þar sem rétt tæpur helmingur (48%) vissi af malarvegi þar. Hlutfall þeirra sem sögðust ekki vissir var nákvæmlega það sama á báðum svæðum (7%).




Mynd 20. Vitneskja um malarveg?

### Hvernig metur þú ástand malarvegarins til aksturs?

Heilt yfir reyndust ferðamenn telja að vegurinn væri frekar góður til aksturs (40%) og annars hvorki góður né slæmur (31%).

Mynd 21 sýnir að ekki kom fram allur munur á milli svæða nema hvað að hlutfall þeirra sem töldu veginn hvorki góðan né slæman var hærra á Melrakkaslétu (38%) en á Vatnsnesi (26%). Hlutfallið snerist svo við hvað varðar það að vegurinn væri góður til aksturs sem fleiri töldu vera á Vatnsnesi (43%) en á Melrakkaslétu (35%). Hins vegar var hlutfall þeirra sem taldi veginn frekar slæman einnig ögn hærra á Vatnsnesi (22%) en á Melrakkaslétu (17%). Hlutfall þeirra sem taldi veginn mjög góðan eða mjög slæman reynist svo næsta jafnt í báðum tilfellum sem og á báðum svæðum (4-5%).



Mynd 21. Mat á ástandi vegar til aksturs


*Hvaða áhrif, ef einhver, hafði malarvegurinn á ferðatilhögun þína?*

Þegar spurt var um áhrif af malarvegi á ferðatilhögun kom í ljós að tveir af hverjum tíu höfðu hikað við að fara út á nesin vegna hans meðan aðrir tveir af hverjum tíu sögðust hafa haft gaman af að fara hann (mynd 22).

Þessi svör voru ögn breytileg eftir svæðum þar sem enn mátti sjá áhrif Íslendinga á Melrakkasléttu. Það reyndust ögn færri (18%) hafa hikað við að fara norður fyrir en á Vatnsnesi (22%).

Áhrif Íslendinga í svörum á Melrakkasléttu sáust aftur af því að þar reyndist einungis einn af hverjum tíu (11%) hafa haft gaman af því að fara malarveginn á móti fjórðungi svara á Vatnsnesi (26%). Hlutfall þeirra sem sögðust hafa snúið við og hætt við frekara ferðalag eftir malarvegi var nokkru hærra á Melrakkasléttu (10%) en á Vatnsnesi (3%).


Þegar upp var staðið reyndist þó nær helmingur (46%) telja að í raun væri vegur bara vegur og átti það við um bæði svæði, þó enn fremur á Melrakkasléttu (51%) en á Vatnsnesi (40%).



**Mynd 22. Áhrif af malarvegi á ferðatilhögun**


*Með hverjum ferðast þú?*

Flestir reyndust á ferð með fjölskyldu (60%) ásamt vinum og ættingjum (33%). Ekki kom fram allur munur eftir svæðum (mynd 23) nema hvað að á Vatnsnesi (64%) reyndust fleiri á ferð með fjölskyldunni en á Melrakkasléttu (55%) meðan það snerist við hvað varðar ferð með vinum og ættingjum. Þá reyndust ferðafélagar ögn fleiri á Melrakkasléttu (36%) en á Vatnsnesi (30%). Einnig voru ögn fleiri einir á ferð á Melrakkasléttu (9%) en á Vatnsnesi (4%) meðan sárafair (1%) voru í skipulagðri hópferð og átti það við um bæði rannsóknarsvæði.

**Mynd 23. Ferðafélagar***Hvernig ferðast þú um landið?*


Þegar kom að ferðamáta innanlands kom fram gríðarlegur munur á milli svæðanna tveggja. Flestir (56%) reyndist ferðast um landið á bílaleigubíl (mynd 24). Hlutfall þess var hins vegar miklu hærra á Vatnsnesi (81%) en á Melrakkasléttu (28%). Að sama skapi reyndist hlutfall ferðamanna á Melrakkasléttu sem ferðuðust á eigin bíl (71%) umtalsvert hærra en á Vatnsnesi þar sem einungis 14% reyndust ferðast á eigin bílum.

Þessi munur skýrist að hluta af fjölda Íslendinga sem voru á ferð um Melrakkasléttu (43%) ólíkt Vatnsnesi (5%). Líkt og tölurnar bera með sér er það þó ekki eina ástæða þessa mikla munar sem fram kom hér heldur skýrist munurinn einnig af helsta ferðamáta til landsins.

**Mynd 24. Ferðatilhögun til og frá landinu**

### Hvernig ferðast þú til og frá landinu?


Eðli málsins samkvæmt var það eingöngu í erlendum listum sem spurt var um ferðatilhögun til og frá landinu. Mynd 25 sýnir niðurstöður þar sem hlutfall Íslendinga á svæðunum er sýnt til viðmiðunar (t.v.) og jafnframt svörun erlendra ferðamanna eingöngu (t.h.). Það sem báðar myndir sýna er að afgerandi meirihluti erlendra ferðamanna á Vatnsnesi ferðast til og frá landinu með flugi um Keflavíkurlugvöll. Myndin sýnir einnig að þegar reiknað er hlutfall erlendra ferðamanna eingöngu nær hlutfall flugfarþega á Melrakkaslétu ekki helmingi. Farþegar Norrænu voru hins vegar nærri því að telja helming allra erlendra ferðamanna á Melrakkaslétu en ná ekki tíunda hluta á Vatnsnesi. Enginn merkti við alþjóðaflug um Akureyri eða Egilsstaði en hlutfallið í valkostinum Annað reyndist hærra á Melrakkaslétu en á Vatnsnesi. Nánari skýringar þar sýndu helst siglingar á eigin skipakosti (skútur) og fólk sem nýtti sér þjónustu fraktskipa til að ferja eigin bíla til landsins.



Mynd 25. Ferðatilhögun til og frá Íslandi

### Hve lengi áætlast þú að dvelja á Melrakkaslétu/Vatnsnesi?

Rétt ríflega helmingur ferðamanna dvaldi innan við sex klukkustundir á rannsóknarsvæðunum (mynd 26). Hlutfall stystu heimsókna var þó umtalsvert hærra á Vatnsnesi (66%) en á Melrakkaslétu (41%). Þá var hlutfall þeirra sem dvöldu 6-12 klst og 1-2 daga lítið eitt hærra á Melrakkaslétu en á Vatnsnesi.




Mynd 26. Dvalarlengd á svæði

### Ferðalög Íslendinga innanlands

Í stað spurningar um ferðatilhögun til og frá landinu, sem svarendur erlendra lista fengu, voru íslenskir ferðamenn spurðir um ferðalög þeirra innanlands. Spurningarnar voru í formi fullyrðinga og svörin valkostir frá Mjög sammála til Mjög ósammála. Vert er að benda á að þar sem svarhlutfall Íslendinga á Vatnsnesi var einungis 5% eru sárafá svör á bak við svæðisbundnar niðurstöður þar. Það kemur þó minna að sök því að í grunninn eru svör íslenskra ferðamanna á svæðunum tveimur næsta samhljóma.


Óháð rannsóknarsvæði er helst að Íslendingar á ferð séu mjög sammála því að hafa gaman af að ferðast á nýja staði og eru frekar sammála því að þeir elti góða veðrið og fari í dagsferðir. Helst er að fólk taki ekki afstöðu til þess hvort frekar sé ferðast innanlands en utan og flestir eru mjög ósammála því að helst sé farið í sumarbústað innanlands. Þessar niðurstöður og fleiri má sjá á mynd 27. Sú er þó nokkuð óárennileg vegna uppsetningar spurningar, fjölda svarkosta og skiptingar svara á rannsóknarsvæðunum tveimur. Vegna þessa þótti ástæða til að einfalda mynd með því að sleppa því að sýna heildarsvör.



Mynd 27. Ferðavenjur Íslendinga – svör við fullyrðingum

### Á kvarða 0-10, hversu líklegt er að þú mælir með Melrakkasléttu / Vatnsnesi sem áfangastað?


Meðmælaskor<sup>1</sup> rannsóknarsvæða má sjá á mynd 28. Heildarskor svæða í könnun er +10 eða +13 fyrir Melrakkaslétta en +7 fyrir Vatnsnes. Það er umtalsvert lægra en markmiðið sem íslensk ferðaþjónusta hefur sett sér sem er +75. Nánar er fjallað um meðmælaskorið og samanburð við fyrri kannanir í umræðukafli.



Mynd 28. Meðmælaskor rannsóknarsvæða

### Hver var áncægja þín með heimsóknina til Melrakkasléttu / Vatnsness?

Þrátt fyrir nokkuð lágt meðmælaskor voru ferðamenn á báðum rannsóknarsvæðum mjög ánægðir með heimsóknir á svæðin eins og sjá má á mynd 29. Við þeirri spurningu voru svörin afgerandi jákvæð og ekki teljandi munur þar á milli svæða.



Mynd 29. Ánægja með heimsókn á rannsóknarsvæði

<sup>1</sup> Meðmælaskor er alþjóðlegur mælikvarði sem ætlað er að meta hvort ferðamenn séu líklegir til að mæla með tilteknum áfangastað við fjölskyldu, vini eða vinnufélaga. Íslensk ferðaþjónusta hefur notast við kvarðann undanfarin ár til að meta viðskiptatryggð ferðamanna Útreikningur byggir á því að ferðamenn eru beðnir að gefa einkunn á bilinu 0-10 þar sem 0 merkir að mjög ólíklegt sé að mælt verði með staðnum sem um ræðir meðan 10 merkir að það teljist mjög líklegt. Við útreikning telst skor á bilinu 0-6 til þeirra sem ekki mæla með stað, 7-8 teljast hlutlaus og falla út úr útreikningi og skor 9-10 teljast til meðmælenda. Við útreikning eru hlutfallið af skori 0-6 dregið frá hlutfalli af skori 9-10. Með því fæst hið eiginlega meðmælaskor viðkomandi staðar og þar sem um hlutfallsreikning er að ræða getur skorið lægst orðið -100 og hæst +100.







## Umræður

Hér að framan hefur verið gerð grein fyrir niðurstöðum rannsóknar sem gerð var meðal ferðamanna á tveimur dreifbýlum svæðum, Melrakkaslétu og Vatnsnesi sem bæði eru á nýlegri ferðamannaleið, Norðurstrandarleið. Megintilgangur rannsóknar er tvíþættur. Annars vegar að skoða áhrif ástands vega og vegakerfis á ákvarðanir ferðamanna sem fara út fyrir helstu ferðaleiðir og hins vegar að skoða hlut nýrrar ferðamannaleiðar í áætlunum og tilhögun ferðamanna. Í niðurstöðuhluta skýrslunnar er hlutur Norðurstrandarleiðar og þættir henni tengdri þó ekki áberandi. Ástæða þess er lágt hlutfall ferðamanna sem hafði skoðað vef og kort leiðarinnar og þó að einhverjir reyndust fylgja leiðinni að hluta höfðu fái gert það í heild. Það eru niðurstöður sem eru vel í anda þess sem gert var ráð fyrir í undirbúningi rannsóknarinnar. Þrátt fyrir árin sem liðin eru frá formlegri opnun Norðurstrandarleiðar árið 2019 má segja að hún sé í reynd að mörgu leyti nýopnuð. Kóvíd-árin dundu enda yfir rétt í kjölfar opunar hennar, ár sem reyndust ferðaþjónustu heimsins ákaflega erfið og skópu ástand sem enn er verið að vinda ofan af (Arora et al., 2023). Af þessu leiðir að Norðurstrandarleið er að mörgu leyti í byrjunarfasa enda má af heimildum ráða að verkefnið er unnið til framtíðar og að uppbygging leiðarinnar stendur enn yfir (Markaðsstofa Norðurlands, 2018, 2021, 2024).

Hér fór hins vegar öllu meira fyrir þeirri meginforsendu rannsóknar sem snýr að vegakerfinu og þætti þess í ferðatilhögun ferðamanna. Ferðalög um rannsóknasvæðin Melrakkaslétu og Vatnsnes færa ferðamenn að hluta út á fábrotna sveitavegi sem sumir eru lítt viðhaldnir malarvegir. Eins og fram kom í inngangskafli eru traust og skilvirk samgöngukerfi ein meginundirstaða uppbyggingar ferðaþjónustu, enda flutningskerfi forsenda tilfærslu fólks og varnings. Vægi akstursferðamennsku í íslenskri ferðaþjónustu gerir að vegakerfið er grundvallandi þáttur í uppbyggingu og þróun greinarinnar hérlandis. Því er á stundum haldið á lofti að malarvegir geti á sama tíma verið hindrun og aðdráttarafl fyrir ferðamenn (Lund & Jóhannesson, 2014). Óstöðugt yfirborð íslenskra malarvega getur virkað fráhrindandi, valdið hættum og vakið ótta ferðamanna en á sama tíma veita slíkir vegir möguleika á að upplifa liðna tíma á nýjan og spennandi hátt.

Í nýlegri skýrslu um ástand vega á Vatnsnesi kemur fram að þar hafi heimafolk miklar áhyggjur af stöðu vegamála þar (Hjalti Jóhannesson, 2023). Í örviðtölum við heimafolk í vettvangskönnun komu sömu áhyggjur sterklega fram og var til að mynda bent á það að vegurinn hefði verið í mun skárri ásigkomulagi á meðan Kóvíd-19 faraldurinn reið yfir en fyrir hann og eftir. Örviðtöl á Melrakkaslétu staðfestu einnig fyrri rannsóknir sem hafa sýnt fram á áhyggjur heimafólks af ástandi Sléttuvegar, þá ekki hvað síst með tilliti til hindrandi áhrifum hans á mögulega uppbyggingu ferðaþjónustu á svæðinu (Barðadóttir og fl., 2023).

Melrakkaslétta og Vatnsnes eru tæplega þau svæði sem fyrst koma upp í hugann í sambandi við helstu ferðamannasvæði Íslands sem þó þýðir ekki að þar skorti ekki á innviði og viðhald þeirra. Niðurstöður þessarar rannsóknar sýna að ferðamönnum á svæðunum hefur mörgum ofboðið ástand malarvega

svæðanna. Er þá ónefnt að vegirnir eru lífæð þeirra sem við hann búa og eina leið þeirra að heiman og heim. Áhyggjur íbúa snúa því ekki hvað síst að öryggismálum enda þurfa þeir daglega að ferðast innan um ferðamenn sem margir eru alls óvanir akstri á malarvegum. Í skýrslu Hjalta Jóhannessonar (2023) um Vatnsnessveg kemur fram að rannsóknir sýni að hagkvæmniútreikningar á viðhaldi vega sýni að „Arðbært væri að leggja klæðningu á malarveg strax við 65-75 ÁDU“ (bls. 5). Líkt og farið var yfir í inngangskafli er umtalsverður munur á umferðarþunga bæði milli svæða sem innan þeirra (Vegagerðin, e.d.-b). Samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum þaðan er ÁDU nyrst á Melrakkaslétu undir þessu viðmiði meðan allir hlutar Vatnsnessvegur eru töluvert yfir sem þýðir að umferðarþunginn þar er þegar kominn yfir þessi viðmiðunarmörk.

Í inngangskafli var farið yfir samgöngukerfi íslenskrar ferðaþjónustu og áhrifin af staðsetningu helstu gáttar til landsins, Keflavíkurflugvallar, á uppbyggingu ferðaþjónustu á Suður- og Suðvesturlandi. Fyrir utan árstíðarbundið en vaxandi millilandaflug um Akureyrarflugvöll og Egilsstaðaflugvöll er önnur helsta gátt landsins á Austurlandi. Það er ferjan Norræna sem með áætlanasiglingum tengir Seyðisfjörð á Austurlandi við hafnir í Færeyjum og Danmörku. Ferjan hefur síðasta rúma áratug flutt árlega um 20 þúsund gesti til landsins (Hagstofa Íslands, e.d.-b) samanborið við tvær milljónir ferðamanna sem koma um Keflavíkurflugvöll (Hagstofa Íslands, e.d.).

Í spurningakönnun reyndist enginn erlendra ferðamanna hafa ferðast um um Akureyrar- eða Egilsstaðaflugvöll enda beint flug þar mun minna á sumrum en veturnum. Niðurstöður hér gefa hins vegar sterka vísbendingu um áhrif af nálægð við helstu gátt samgangna. Það má ráða af hlutfalli ferjufarþega Norrænu sem á Melrakkaslétu fór nærri því að vera helmingur erlendra ferðamanna og hærra en hlutfall flugfarþega um Keflavíkurflugvöll. Ferjufarþegar voru hins vegar innan við tíund erlendra ferðamanna á Vatnsnesi. Gagnlegt getur verið að bera þessar niðurstöður saman við niðurstöður könnunar sem einnig var framkvæmd sumarið 2024 meðal ferðamanna á virkjanasvæðum Landsvirkjunar á Blöndu- og Þjórsársvæðum. Þar sýndu niðurstöður að á Blöndusvæði höfðu 75% ferðamanna komið með flugi um Keflavíkurflugvöll og 16% með Norrænu en á Þjórsársvæði voru hlutföllin 88% flugfarþegar meðan einungis 2% höfðu komið með Norrænu (Íris H. Halldórsdóttir, 2024a; 2024b). Þær niðurstöður eru því fremur í takt við niðurstöður hér af Vatnsnesi en af Melrakkaslétu enda vegtengingar inn á virkjanasvæðin nokkuð fjarri Seyðisfirði. Það verður hins vegar forvitnilegt að fylgjast með áhrifum áframhaldandi uppbyggingar millilandaflugs um Akureyrar- og Egilsstaðaflugvelli á dreifingu ferðamanna um landið.

Titill þessarar skýrslu, „Vondur vegur en víðsýnið frábært“, er bein þýðing á svari ferðamanns við opinni lokaspurningu í könnun. Titillinn er einnig vísun í megin niðurstöður rannsóknar. Samandregið sýna þær að þrátt fyrir að meirihluti ferðamanna segir veg einfaldlega vera veg og svarar því kurteislega að malarvegir Vatnsness og Melrakkaslétu séu bara nokkuð góðir, sýna aðrar niðurstöður rannsóknar ögn flóknari veruleika. Þannig sýna svör við opinni lokaspurningu að vegir voru ferðamönnum hugleiknir. Ástand vega

kom þar fram í ýmsu samhengi. Nokkur ummæli voru á þá leið að vegirnir væru skárri en fólk hefði átt von á en öllu meira þó á ummælum um að malarvegir rannsóknarsvæða væru varla boðlegir, að stjórnvöld þurfi að gæta að öryggi ferðamanna auk þess sem vegir voru nefndir í samhengi þess að þó að mikilvægt væri að varðveita þessi svæði sem ósnortin af ágangi ferðamanna yrði engu að síður að huga að ástandi veganna.

Á Vatnsnesi liggur leiðin frá Þjóðvegi 1 að helstu ferðamannastöðum að hluta um malarvegi. Það á við um Illugastaði en þó enn frekar um leiðina að Hvítserk. Þar var því líkt og ferðamenn veltu lítt fyrir sér veginum sem slíkum heldur var hann ekki síst leið að takmarki. Um þriðjungur svarenda fór einungis að helstu ferðamannastöðum og þaðan tilbaka sömu leið meðan tveir þriðjuhlutar hringuðu nesin. Hlutfall þeirra sem ekki fór hringinn norður fyrir nesin var þó umtalsvert hærra á Vatnsnesi (39%) en á Melrakkaslétu (27%). Það er sérstaklega athyglisvert í ljósi þess að á Melrakkaslétu þarf ekki að fara af malbiki til að heimsækja bæði þorpin sem og helsta ferðamannastaðinn, Heimskautsgerði. Skýringin liggur því fremur í breytileika ferðamanna á svæðunum tveimur. Þegar skoðuð eru svör þeirra sem komu með flugi til landsins og ferðast um á bílaleigubílum var hlutfall þeirra sem ekki fóru hringinn fyrir nesin sambærilegur á báðum svæðum. Hins vegar fóru Íslendingar og ferjufarþegar Norrænu, sem eins og áður sagði voru í báðum tilfellum umtalsvert fleiri á Melrakkaslétu en á Vatnsnesi, fremur norður fyrir nesin en erlendir ferðamenn á bílaleigubílum. Á því var þó ein undantekning.

Eins og áður kom fram var í örviðtölum við heimafólk nefnt að Íslendingar sem ferðist með aftanívagna fari oft eingöngu eins langt og malbik entist. Það er þó tæpast skýring á lágu hlutfalli Íslendinga í könnun á Vatnsnesi þar sem helstu áfangastaðir standa norðan malbiks þar sem hlutfall Íslendinga við Selasetur Íslands á Hvammstanga var ekki hærra en í heildarniðurstöðum á Vatnsnesi þrátt fyrir að á Selasetur megi komast á bundnu slitlagi. Á Melrakkaslétu þar sem vegur með bundnu slitlagi nær að helsta segli, Heimskautsgerði, voru þó fjölmargir Íslendingar sem nefndu þennan þátt, það er að ferðalög með aftanívagna væru næsta ómöguleg á grófum og illa viðhöldnum malarveginum.

Athyglisvert er hins vegar hve margir innlendir og erlendir ferðamenn sögðust vera á ferð um svæðin þrátt fyrir viðvaranir. Auk bílaleiga höfðu viðvaranir gjarnan verið settar fram af starfsfólki gisti- og matsölastaða, oft í nokkurri fjarlægð frá rannsóknarsvæðunum. Í tilfelli Melrakkaslétu höfðu slíkar viðvaranir þó ekki síður komið frá heimafólki sem ferðamenn höfðu komist í samband við. Það vekur upp spurningar um hvort tímabært sé að taka samtal á heimasvæðum um uppbyggingu ferðaþjónustu og skilaboð sem heimafólk beinir að ferðafólki.

Við túlkun á niðurstöðum rannsókna er ávallt mikilvægt að hafa í huga að hverjum rannsókninni er beint og hvaða þýðingu það hefur fyrir niðurstöður og upplýsingagildi. Hér var rannsókn beint að ferðamönnum sem ferðast utan helstu ferðaleiða og hafa þegar tekið beygju af Þjóðvegi 1 í tilfelli Vatnsness og af Þjóðvegi 1 og aftur af Þjóðvegi 85 í tilfelli Melrakkaslétu. Þessi rannsókn gefur þess vegna ekki

upplýsingar um hver áhrif vegakerfa og ástandi vega er almennt meðal þeirra sem fremur velja að fylgja helstu ferðaleiðum. Áhugavert væri því að kanna þann þátt meðal ferðamanna sem fara um þjóðveg 1.

Niðurstöður þessarar rannsóknar sýna að á báðum rannsóknarsvæðum reyndust tveir þriðjuhlutar ferðamanna á hringferð um landið. Þar af fóru um 40% réttisælis um landið en 60% rangsælis og var það hlutfall nokkuð stöðugt óháð rannsóknarsvæðum, könnunarstöðum og búsetulandi. Það eru vel sambærilegar niðurstöður og fengust í niðurstöðum kannana á virkjanasvæðum Landsvirkjunar á Blöndu- og Þjórsársvæðum sem einnig voru framkvæmdar sumarið 2024 (Íris H. Halldórsdóttir, 2024-a; 2024-b).

Mikil ánægja var með heimsókn ferðamanna á bæði svæðin meðan líkindi meðmæla reyndust öllu lægri. Í könnun mældist meðmælaskor fyrir svæðin tvö +10, það er +7 fyrir Vatnsnes og +13 fyrir Melrakkaslétu. Íslensk ferðaþjónusta hefur sett sér það markmið að eftir Íslandsheimsókn verði meðmælaskor landsins +75 (Samtök ferðaþjónustunnar, e.d.) og í samanburði við það markmið eru þessar niðurstöður nokkuð lágar. Ekki liggja fyrir eldri tölur til samanburðar fyrir Melrakkaslétu eða Vatnsnes í heild en staðbundin könnun sem framkvæmd var á Hvammstangi sumarið 2018 sýndi nokkuð sambærilega niðurstöðu og nú eða +13 (Lilja B. Rögnvaldsdóttir, 2019). Þá sýndu staðbundnar kannanir meðal sumarferðamanna á Íslandi sumarið 2019 fram á umtalsverðan breytileika milli staða eða allt frá +30 á Höfn (Þórný Barðadóttir, 2020-a) að +79 í Mývatnssveit (Þórný Barðadóttir, 2020-b).

Meðmælaskor sýnir þó vel áskorun nýrra áfangastaða. Í ferðamálafræðum er talað um þrískiptingu upplifana sem þýða má sem eftirvæntingu, upplifun, minningar (Larsen & Urry, 2011). Þrískiptingin byggir á því að ferðalög hefjast strax við undirbúning og skipulag og þar með löngu áður en ferðalög hefjast. Þrátt fyrir að flestir upplifi á leiðum sínum óvæntar perlur eru það oft upplifanir á stöðum sem ferðalög eru skipulögð í kringum sem verða óhjákvæmilega hvað eftirminnilegust. Þá er ekki einboðið að ánægja með heimsókn þýði að mælt verði með stað að lokinni heimsókn. Þetta var raunar orðað ágætlega af íslenskum ferðalöngum á Melrakkaslétu sem gáfu heimsókn sinni hæstu einkunn hvað varðar ánægju meðan einkunn meðmæla var mun lægri. Þar höfðu þau skráð í athugasemd: „Þegar við komum heim þá munum við örugglega ekki hvað var hvað“.

Það sem helst má greina af niðurstöðum þessarar rannsóknar er þó að þrátt fyrir að margt sé líkt með þessum dreifbýlu svæðum á Norðurstrandarleið er einnig margt sem skilur þau að. Meiri flýttir virtist á öllu á Vatnsnesi en á Melrakkaslétu. Það fannst í vettvangskönnunum, á viðbrögðum við beiðnum um svörun spurningalista sem og á viðmóti ferðamanna í örviðtölum. Áður hefur verið nefnt að á Vatnsnesi var meira um bein svör við spurningum rannsakanda og markvissar spurningar á móti, meðan ferðamenn á Melrakkaslétu voru heilt yfir tilbúnir í lengra spjall.

Könnun meðal ferðamanna veitir gjarnan upplýsingar frá ferðamönnum sem annars finna sér tæpast annan farveg. Þannig má nefna nokkurn fjölda ábendingar um að í náttúruskoðunarhús við Illugastaði á Vatnsnesi vanti sjónauka til að auka á upplifun ferðamanna. Efnið sýnir á sama tíma þá dýpt sem fæst í

viðfangsefni þegar beitt er blönduðum rannsóknaraðferðum líkt og hér var gert. Það má sjá á því að sjónaukar voru einnig umtalsefni örviðtala við heimafólk í vettvangsferð. Þar kom fram að staðarhaldarar á Vatnsnesi hefðu víða gefist upp á því að hafa sjónauka á útsýnisstöðum þar sem þeir vildu undantekningalaust hverfa með ferðafólki.

Könnunum er hins vegar ávallt settar skorður og var þessi þar engin undantekning. Framkvæmd kannana á vettvangi utandyra hefur sýnt sig að vera mjög veðurháð. Það á við hvort sem framkvæmdin er með viðkvæmum raftækjum svo sem spjaldtölvum eða eins og hér var gert með pappír sem fjótt blotnar í gegn í rigningum. Áhrif þessa eru þau að helsta áskorun gagnaöflunar eru kuldi, rok og rigning (Þórný Barðadóttir, 2019). Í þessari könnun reyndist hins vegar lítið að gera við roki sem einfaldlega var viðvarandi, sérstaklega í tilfalli Vatnsness. Rannsakandi varð hins vegar vitni að því ástandi sem fjótt skapaðist á leirkenndum malarvegum Vatnsness þegar tók að rigna og bílar tóku að synda um á rennblautum og klessukenndum veginum. Þar sem stopp ferðalanga á Vatnsnesi reyndust eins stutt og þessi könnun sýnir, þýðir það að í niðurstöðum felst sú skekkja að ekki eru hér svör ferðamanna sem fóru um veginn í rigningu. Áhrif rigningarskúra á umferð virtust ekki eins afgerandi á malarvegi Melrakkaslétu, þá bæði vegna minni umferðar en þó enn fremur vegna þess að rigningarvatn átti auðveldari leið í gegnum grófan malarveginn.

Á báðum rannsóknarsvæðum voru íslensku- og enskumælandi spyrjar en við Illugastaði og á Hvammstanga var einnig frönskumælandi spyrill sem átti ekki við um fyrirlögn við Hvítserk. Mögulega er því ástæða til að setja fyrirvara um hátt hlutfall franskra svarenda á Vatnsnesi. Svarhlutfall franskra lista við Hvítserk var 21% en 35% við Illugastaði og 28% á Hvammstanga. Hins vegar er vert að nefna að hlutfall þeirra sem báðust undan því að svara listum var mjög sambærilegt við Hvítserk og Illugastaði eða innan við 20%. Það hlutfall var enn lægra á Melrakkaslétu þar sem hlutfall þeirra sem báðust undan að svara listum var innan við 5%.

Einsleitni í þjóðerni svarenda á Melrakkaslétu og mismunur milli svæða gerir að svör voru ekki keyrð með búsetuland sem bakgrunnsbreytu. Þannig var það ekki talið gagnlegt að bera svör 43% Íslendinga á Melrakkaslétu við svör 5% Íslendinga á Vatnsnesi eða svör 27% Frakka á Vatnsnesi við svör 6% Frakka á Melrakkaslétu. Hvort sem gert er ráð fyrir því að hlutfall Frakka á Vatnsnesi sé 20 eða 30% ferðamanna sýna niðurstöður annarra spurninga og heildarniðurstöður rannsóknar fram á að þessi dreifbýlu svæði á Norðurstrandarleið laða til sín allólíka hópa ferðamanna. Á Vatnsnesi eru það erlendir ferðamenn sem koma til landsins með flugi um Keflavíkflugvöll og ferðast um á bílaleigubílum. Gestir á Melrakkaslétu eru hins vegar helst Íslendingar og erlendir ferðamenn sem koma til landsins með Norrænu og ferðast um á eigin bílum.

Norðurstrandarleið er líkt og öðrum nýjum ferðamannaleiðum ætlað að brjóta upp leiðaháða ferðahegðun og skapa ný tækifæri til uppbyggingar á svæðum utan alfaraleiða (Dunne et al., 2021; Hanrahan et al., 2017). Nýjar ferðamannaleiðir byggja á því að nýta innviði sem þegar eru til staðar (Cruz

et al., 2022) en þar sem vel tekst til við að auka ferðamannastraum þýðir það óhjákvæmilega aukna umferð á vegum sem þegar skortir viðhald og þjónustu. Í aðdraganda Norðurstrandarleiðar sagði um leiðina: „Markmið verkefnisins er að byggja upp nýtt aðdráttarafl í ferðaþjónustu á Norðurlandi auk þess að styrkja innviði og efla byggð á svæðinu“ (Markaðsstofa Norðurlands, 2018, bls. 91).

Eins og fram hefur komið hafa íslensk ferðamálayfirvöld sett fram þá stefnu að ferðaþjónusta verði heilsársgrein og dreifist um land allt (Alþingi, 2024; Stjórnarráðið, 2019) og nýjar ferðamannaleiðir sem byggja upp nýtt aðdráttarafl í dreifbýli samræmast vel þeim markmiðum. Íslenskt samgöngukerfi byggir að stærstum hluta á vegakerfinu sem þýðir að uppbygging ferðaþjónustu hérlendis er mjög háð ástandi þess og uppbyggingu. Þrátt fyrir það samtal sem fram fór við Vegagerðina við framsetningu og útfærslu Norðurstrandarleiðar (Ása Marta Sveinsdóttir og Eyrún Jenný Bjarnadóttir, 2024) er reyndin sú að stofnuninni eru settar þröngar skorður hvað varðar fjármagn til viðhalds og nýbyggingar vega á leiðum utan helstu þjóðvega. Það þýðir að þrátt fyrir markmið um uppbyggingu ferðaþjónustu um land allt eru það leiðaháðir ferlar sem ráða fjárveitingum til stofnunarinnar þar sem öryggissjónarmið og þjónustupörf ferðaþjónustu í dreifbýli fær ekki mikið vægi (Barðadóttir & Bjarnadóttir, í birtingu).

Þrátt fyrir að í niðurstöðum hér fari ekki mikið fyrir Norðurstrandarleið er mikið verðmæti fólgið í þeim upplýsingum sem hér hafa fengist í upphafsfasa leiðarinnar. Er það von þeirra sem að rannsókninni standa að hún verði endurtekin með jöfnu millibili til að fylgja eftir tilurð og áhrifum nýrrar ferðaþjónustuvöru í dreifbýli. Með því fást sjaldgæf og verðmæt gögn um uppbyggingu og áhrif nýrra ferðamannaleiða utan alfaraleiða ferðaþjónustunnar, gögn sem hafa hagnýtt gildi jafnt hérlendis sem í alþjóðlegu samhengi. Jafnframt felst hagnýtt gildi í því að fylgja eftir áhrifum að endurbótum á vegakerfi landsins, og ekki síður á svæðum þar sem viðhaldi verður áfram ábótavant. Að lokum er vert að geta þess að rannsókn sem gerð var meðal heimafólks á sömu rannsóknarsvæðum og hér voru til rannsóknar og einnig var framkvæmd árið 2024 sýnir að heimafólk er almennt jákvætt í garð Norðurstrandarleiðar og telur áhrifa af henni þegar farið að gæta og að möguleikar til uppbyggingar fylgi tilurð hennar á heimasvæðu (Þórný Barðadóttir, 2025). Það verður því forvitnilegt að fylgjast áfram með uppbyggingu leiðarinnar, áhrifum hennar á ferðatilhögun ferðamanna og áhrifum hennar á heimasvæðum.

## Heimildir

- Arora, S., Gupta, R., Piplani, K., & Mehta, M. (2023). Pandemic and Revenge Tourism: Who is the Winner? A Bibliometric Analysis. *International Journal of Research in Business Studies*, 8(2), 69–88.
- Árnason, Þ., & Welling, J. (2019). Winter Tourism and Seasonality in Iceland. In U. Pröbstl, H. Richins & S. Türk (Eds.), *Winter Tourism: Trends and Challenges* (pp. 442–460). CABI. <https://doi.org/10.1079/9781786395207.0>
- Barðadóttir, Þ., & Bjarnadóttir, E. J. (i birtingu). Entering the Edges: Tourism Routes through Rural Areas. In N. Bassols, U. Persson-Fischier & J. Saarinen (Eds.), *Tourism and Communities: Nordic Perspectives*. Routledge.
- Barðadóttir, Þ., Jóhannesson, G. T., & Lund, K. A. (2023). Mobilities on the margins: The becoming of Melrakkaslétta as a tourist destination. Í P. Vannini (ritstj.) *Mobilities in remote places*, (bls. 86-100). Routledge. <https://doi.org/10.4324/9781003321163-9>
- Buarki, H., & Alkhateeb, B. (2018). Use of hashtags to retrieve information on the web. *Electronic Library*, 36(2), 286–304. <https://doi.org/10.1108/EL-01-2017-0011>
- Burchardt, M., & Laak, D. v. (2023). Making Spaces through Infrastructure – Introduction. *Making Spaces Through Infrastructure* (pp. 1–18). Walter de Gruyter GmbH. 10.1515/9783111191850-001
- Cresswell, T. (2010). Towards politics of mobility. *Environment and planning D: Society and space*.28(1), 17-31. <https://doi.org/10.11038/d11407>
- Cruz, S. P., Ribeiro de Almeida, C., Pintassilgo, P., & Raimundo, R. (2022). Sustainable drive tourism routes: a systematic literature review. *Social Sciences*, 11(11), 510. <https://doi.org/10.3390/socsci11110510>
- Fjelstul, J., & Fyall, A. (2015). Sustainable Drive Tourism: A Catalyst for Change. *International Journal of Tourism Research*, 17(5), 460–470. <https://doi.org/10.1002/jtr.2013>
- Franklin, A. (2008). The tourism ordering. Taking tourism more seriously as a globalising ordering. *Civilisations*, LVII(1-2), 25-39. <https://doi.org/10.4000/civilisations.1288>
- Franklin, A. (2018). Art tourism: A new field for tourist studies. *Tourist Studies*, 18(4), 399-416. <https://doi.org/10.1177/1468797618815025>
- Gretzel, U. (2018). Influencer marketing in travel and tourism. *Advances in Social Media for Travel, Tourism and Hospitality* (1st ed., pp. 147–156). Routledge. <https://doi.org/10.4324/9781315565736-13>
- Guðmundsson, R. (2020). *Akstur erlendra ferðamanna á 13 stöðum 2010-2019 - Hringvegurinn og öryggismál [Driving by foreign tourists at 13 sites 2010-2019 - The Ring Road and safety issues]*. Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar. <https://wp-beta.vegagerdin.is/wp-content/uploads/2023/07/1800-694-akstur-erlendra-ferdamanna-a-13-stodum-2010-2019.pdf>
